



# Öldubrot

## Fréttabréf Öldutúnsskóla



Abm.: Guðmundur Ingi Jónsson, aðstoðarskólalastjóri

3. tbl. 20. árg., september 2005

### Skólaláing – stefnumótun. Foreldrar hvattir til að koma og taka þátt

Í samstarfi við foreldraráð skólans hefur verið ákveðið að efna til sameiginlegrar stefnumótunarvinnu foreldra og starfsmanna skólans þann 11. október næstkomandi í skólanum klukkan 19:30 til 22:00.

Það er hverjum skóla afar mikils virði að eiga sér sáttmála um hvert stefna skal. Við viljum nú efna til samkomu þar sem starfsmenn og foreldrar setjast niður og ræða hlutverk skólans og þau gildi sem menn vilja að einkenni skólastarfið.

Nú hefur skólastefna Hafnarfjarðar verið samþykkt og þar er lýst stefnumiðum heildarinnar og hver skóli hefur svigrúm til að útfæra sína eigin stefnu með hliðsjón af henni. Nú er komið að þeirri vinnu í Öldutúnsskóla.

Við spyrjum: Hvert er hlutverk skólans? Hvaða kostum viljum við að nemendur okkar búi yfir eftir 10 ára skólagöngu? Hvaða gildi og dygðir viljum við leggja áherslu á?

Efnivið í stefnu skólans söfnum við á þessu kvöldi og síðan mun samstarfshópur starfsmanna og foreldra vinna úr honum, móta texta sem lagður verður fyrir og ræddur á fundi þann 9. febrúar 2006. Við væntum þess að þannig verði til framtíðarsýn sem staðfest verður formlega. Tökum frá kvöldið 11. október og eigum saman frjóa og uppbyggilega umræðu um skólastarfið.

### Foreldraviðtöl í næstu viku

Mánudaginn 3. október næstkomandi eru foreldrar ásamt börnum sínum boðaðir til viðtals við umsjónarkennara. Viðtölin hafa þann tilgang að kennarar, foreldrar og nemandinn ræði saman um starfið í skólanum. Börnin fara heim með matslista þar sem þau eru beðin um að meta framgöngu sína og líðan og ræða þau atriði við foreldra sína. Þau koma síðan með blaðið með sér í viðtalið og ræða við kennarann um þau mál sem þeim eru mikilvægust.

### Spurningakönnun um viðhorf foreldra til skólans og skólastarfsins

Foreldrar barna í 4., 6. og 9. bekkjum eru beðnir um að koma við í tölvustofunni eftir viðtalið 3. okt. og svara nokkrum spurningum sem varða viðhorf þeirra til skólans og skólastarfsins. Spurningarnar eru 30 og það tekur 10 til 15 mínútur að svara þeim. Hver um sig fær lykilorð sem hann slær inn í tölvuna og þá opnast spurningalisti. Þegar lokið er við að svara listanum er svæðið lokað og ekki hægt að rekja svörin til nafna. Það er okkur afar mikilvægt að sem flestir sjái sér fært að taka þátt, en spurningakönnunin er hluti af kerfisbundnu mati á starfi okkar. Svörin eru notuð til að vinna að umbótum á því sem betur má fara og einnig til að leitast við að styrkja það sem vel kemur út.

### Framhald á verkefni skólans gegn einelti

Í vetur höldum við áfram með Olweusarverkefnið gegn einelti og andfélagslegri hegðun þar sem frá var horfið sl. vetur. Allt starfsfólk heldur áfram að hittast á vinnufundum tvisvar í mánuði til að fræðast og ræða eðli og aðferðir til að koma í veg fyrir alla hegðun sem felur í sér ofbeldi og virðingarleysi fyrir samferðafólkinu. Foreldrar eru hvattir til að rifja upp efni foreldraheftis sem dreift var til allra á síðasta skólaári. Þeir sem eru nýir í skólahverfinu eru hvattir til að nálgast bæklinginn í væntanlegum foreldraviðtölum sem verða þann 3. október næstkomandi. Bæklingurinn verður til afhendingar á skrifstofu skólans.

Munum að **taka afstöðu** gegn hvers konar virðingarleysi sem við verðum vör við í samskiptum, **skipta okkur af** og leitast við að **leiðrétta hegðun** sem er ekki sæmandi.

Á vefsíðu skólans er að finna áætlun skólans um hvernig brugðist er við ef upp kemur grunur um að einhver sé lagður í einelti og biðjum við alla að kynna sér hana.

### Opnunartími Öldunnar fyrir 7. bekkina

Opið verður aðra hverja viku fyrir 7. bekk í Öldunni í vetur. Það verður skipst á að hafa starfið á mánudögum og fimmtudögum. Opnunartímar verða á eftirfarandi dögum fram að áramótum:

Mánudaginn 26. september

Fimmtudaginn 13. október

Mánudaginn 24. október


Fimmtudaginn 10. nóvember

Mánudaginn 21. nóvember

Fimmtudaginn 8. desember

Mánudaginn 19. desember

**Opið verður frá 16.30–18.30.**



## Græntaninn

Dagana 5. – 9. september var umhverfisvika í skólanum. Þessa viku nýttu starfsfólk og nemendur til að rifja upp stefnu þá sem sett hefur verið í umhverfismálum auk þess að fást við ýmis önnur verkefni sem tengjast umhverfismálum. Lögð var áhersla á að allir nemendur fengjust við einhver verkefni sem tengdust útivist þessa viku. Í tengslum við Grænfánaverkefnið hefur starfsfólk og nemendur skólans sett sér þau markmið undanfarin tvö ár að minnka úrgang sem fer frá skólanum, spara raforku og njóta útiveru og umhverfis skólans sem mest. Fulltrúar nemenda í stýrihóp verkefnisins hafa verið sérlega duglegir að koma með ábendingar um ýmislegt sem við getum gert til að ná markmiðum okkar í umhverfismálum auk þess að ganga í bekki og leiðbeina við flokkun.



Þann 10. september sl. fékk skólinn afhentan Grænfánann sem viðurkenningu fyrir að vinna að umhverfismálum. Tryggvi Felixson frá Landvernd afhenti fánann en fyrir hönd skólans tók Jóna K. Karlsdóttir kennari og verkefnisstjóri Grænfánaverkefnisins við honum. Foreldrafélag skólans og Hópbílar færðu góðar kveðjur og gjafir í tilefni dagsins.

## Fullt í heilsdagsskólanum

Í haust hafa óvenju margar umsóknir borist um dvöl fyrir börn í heilsdagsskólanum og hafa nú verið tekin inn 90 börn. Þessi fjöldi er langt umfram það sem verið hefur undanfarin ár og er okkur ómögulegt að taka við fleirum. Nú er svo komið að allar nýjar umsóknir verða settar á biðlista og börn tekin inn jafnóðum og pláss losnar. Komi í ljós að ásókn verður áfram með sama móti er ljóst að það verður að láta börn útvinnandi foreldra ganga fyrir. Við biðjum þá sem hafa hug á að sækja um pláss að vera því viðbúinir að þurfa að bíða allt að mánuð eftir pláss.

## Foreldrafélag og foreldrasamstarfið

Ný stjórn Foreldrafélags Öldutúnskóla hefur verið kosin. Formaður er Árni Mathiesen, Sigrún Edda Sigurðardóttir, varaformaður og Fríða Kristín Magnúsdóttir, gjaldkeri.

Í foreldraráði eru Árni Mathiesen, Sigrún Sigurðardóttir og Sigríður Ólafsdóttir. Foreldraráð kemur til fundar við skólastjóra tvisvar í mánuði að jafnaði. Á fundunum eru rædd þau málefni sem eru á döfni í skólastarfinu og skipst á skoðunum. Það er stjórnendum ómetanlegt að hafa svo greiðan aðgang að fulltrúum foreldra og njóta sjónarmiða og skoðana þeirra við stjórn skólans.

Það er hverjum skóla sérstaklega mikilvægt að eiga gott samstarf við foreldra og er starfsemi foreldrafélags einn vettvangur þess. Stjórnendur og starfsfólk skólans leggja áherslu á öflugt samband og samstarf við foreldra barnanna um málefni þeirra í skólanum, ekki síður þegar vel gengur.

## Haustfundir foreldra og umsjónarkennara

Nú er námskynningarfundur í öllum árgöngum lokið. Tilgangur þeirra er að koma ýmsum upplýsingum á framfæri til foreldra um skólastarfið, s.s. um námsgreinar, námsbækur, námsmat og heimanám. Mæting var misjöfn, allt niður í 20% í sumum bekkjum, sem er okkur vonbrigði. Við þökkum öllum þeim foreldrum sem sáu sér fært að mæta á fundina um leið og við hvetjum hina til aukinnar þátttöku.

## Gervigrasvöllur við skólann

Næstu vikur standa yfir framkvæmdir á lóð skólans við uppsetningu á gervigrasvelli. Framkvæmdum átti að vera lokið í sumar en töfðust og munu verktakar hraða verkinu sem kostur er. Við reiknum með að völluminn verði tilbúinn um miðjan október. Svæðið hefur verið girt af og verktaki heitið okkur að fyllsta öryggis verði gætt meðan á vinnunni stendur.

## Stundvísi – tökum okkur á!

Í haust höfum við lagt sérstaka áherslu á að bæta stundvísi. Það er afar mikilvægt fyrir skólastarfið að nemendur mæti á réttum tíma til skyldustarfa sinna. Það truflar mjög kennslustund þegar nemendur eru að tínast inn eftir að hún er hafin. Tökum höndum saman um að aðstoða börnin við að koma á réttum tíma í skólann.

## ÞRIÐJUDAGUR VIÐ SKÓLANUM

Dag hvern í upphafi skóladags er mikil umferð bíla við skólann. Skorað er á foreldra að hvetja börnin til að ganga í skólann. Það er holl hreyfing auk þess sem það stuðlar að auknu umferðaröryggi við skólalóðina.

## Námsstefna allra kemara í Hafnarfirði 26. okt. nk.

Miðvikudaginn 26. október verður námsstefna, skipulögð af Skólaskrifstofunni, frá klukkan 13:00 fyrir alla kennara í Hafnarfirði.

Vegna hennar verður allri kennslu lokið klukkan 12:40 og verður Selið opnað fyrir þau börn sem eiga dvalartíma skráðan þar.

## Virðum útvistarreglur

Frá og með 1. september mega 12 ára gömul börn og yngri lengst vera úti á almannafæri til kl. 20:00. Unglingar 13 - 16 ára, þau sem eru í unglingadeildum grunnskóla, mega vera úti til kl. 22:00. Við hvetjum alla foreldra standa saman um að virða útvistarreglurnar sem eru landslög.

## Hlaupahjól og línuskautar

Við biðjum foreldra að athuga að nemendum er ekki heimilt að koma með hlaupahjól eða línuskauta í skólann. Við erum í vandræðum með að geyma þessa hluti auk þess sem hætta hlýst af notkun þeirra í skólanum.



4. bekkur skoðar umferðarmannvirki í samgönguvíkunni 16.–22. september.

**Munið vefsíðu skólans:**

[www.öldutunsskoli.is](http://www.öldutunsskoli.is)